

**Nd. 187. Frumvarp til laga [134. mál]**

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Reykjavíkurborgar. Við gildistöku nýs fasteignamats um áramótin 1971 og 1972 mun leigugjald það, sem um ræðir í frumvarpi þessu, margfaldast, verði ekki gerð breyting á lagaákvæðum 2. gr. laganna. Lagt er til, að leigugjaldið verði ekki fasthundið í lögnum, hins vegar verði það ákveðið í reglugerð, sem borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Gert er ráð fyrir, að téð reglugerð verði staðfest til þess að öðlast gildi frá 1. jan. 1972.